



# Hlykkjóttir hryggir sem skerast í gegnum jarðlagaeiningar

ESP\_032620\_1780



HIGH RESOLUTION IMAGING  
SCIENCE EXPERIMENT  
UAHIRISE.ORG/IS



Hér sést óvenju langur hlykkjóttur hryggur, hugsanlega upphleyptur árfarvegur, sem liggur í gegnum jarðlagaeiningar sem nýlega hafa verið kortlagðar í Medusae Fossae mynduninni. Á austurhluta myndarinnar birtist hlykkjótti hryggurinn okkur þannig, að margt bendir til þess að rof hafi orðið á landslaginu í kring. Athyglisvert er að engin upphleypling er innan í farveginum og heldur ekki vestan við hann. Það bendir til þess að vökvi hafi streymt þarna um áður en víðtækt rof varð.